# Viðauki við stofnanasamninga FH og FPR
# vegna 1,65% launahækkunar til útfærslu í stofnanasamningi

Háskóli Íslands (HÍ) annars vegar og Félag háskólakennara (FH) og Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR) hins vegar gera með sér samkomulag um 1,65% launahækkun akademískra starfsmanna til útfærslu í stofnanasamningi, sbr. kjarasamninga aðila við Fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs 16. nóv. 2015

Í stofnanasamningum HÍ og stéttarfélaganna frá 16. nóv. 2015 er tekin upp sú nýbreytni að þreparöðun akademískra starfsmanna ákvarðast af fjölda stiga fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla. Tiltekið er að stigatalning til þrepahækkunar hefjist 1. janúar 2015 og komi fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Að samkomulagi hefur orðið að þeir sem voru í fullu starfi 2015 fái forgjöf sem nemur 33 stigum sem komi til uppsöfnunar vegna þrepahækkunar, þeir sem eru í lægra starfshlutfall fái hlutfallslega forgjöf.

Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á matskerfi opinbera háskóla eða einstaka matsþætti þess. Forgjöfin skal meðhöndluð sérstaklega og haldið utan við matsþætti kerfisins, enda sé henni eingöngu ætlað að hleypa þrepaávinnslu af stokkunum hvað þá varðar sem eru þegar í starfi árið 2015 og nær ekki til annarra.

Reykjavík 23. júní 2016

f.h. Háskóla Íslands

Guðm. R. Jón

f.h. Félags háskólakennara

f.h. Félags prófessora við ríkisháskóla